

STOFNUN ÁRSINS

2015

Sérblað

SVEIGJAN-
LEIKI
Í VINNU

GÓÐ ÍMYND

SJÁLFSTÆÐI
Í STARFI

GÓÐUR
STARFSANDI

SFR
STOFNUN
ÁRSINS
2015

GÓÐ
VINNU-
SKILYRÐI

ÁNÆGJA
OG STOLT

TRÚVERÐUG-
LEIKI

SANNGJÖRN
LAUNAKJÖR



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU



STOFNUN ÁRSINS 2015

Stofnanir ársins eru þrjár, ein úr hverjum stærðarflokki. Ríkisskattstjóri er sigurvegari í flokki stórra stofnana sem hafa 50 eða fleiri starfsmenn. Menntaskólinn á Tröllaskaga er stofnun ársins í flokki meðalstórra stofnana þar sem starfsmenn eru 20-49 talsins. Í flokki stofnana þar sem starfsmenn eru færri en 20 bar Héraðsdómur Suðurlands sigur út bítum annað árið í röð.

Stöðugleiki í niðurstöðunum er mikill og því gott samræmi milli niðurstaðna frá ári til árs. Ríkisskattstjóri náði öðru sæti fyrir ári, Menntaskólinn á Tröllaskaga var einnig í öðru sæti í fyrra og Héraðsdómur Suðurlands er sigurvegari annað árið í röð eins og áður sagði. Í hverjum flokki hljóta efstu stofnanirnar sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnanir.

STÓRAR STOFNANIR

Í flokki stórra stofnana voru valdar fimm fyrirmyndarstofnanir. Þær eru auk Ríkisskattstjóra, Fjölbrautaskóli Suðurnesja (sem var í fjórða sæti fyrir ári), Reykjalundur (sem var í 7. sæti í fyrra), Íslenskar orkurannsóknir (sem voru í 16. sæti í fyrra) og Fjölbrautaskólinn við Ármúla (sem var í 19. sæti fyrir ári).

MEÐALSTÓRAR STOFNANIR

Í flokki meðalstórra stofnana eru fyrirmyndarstofnanirnar fimm, þ.e. Menntaskólinn á Tröllaskaga (sem var í öðru sæti í fyrra), Einkaleyfastofa (sem varð sigurvegari í fyrra), Fjölbrautarskóli Snæfellinga, (sem lenti í sjötta sæti í fyrra), Landmælingar, (sem var í þriðja sæti í fyrra) og Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, (sem var í 25. sæti fyrir ári).

MINNI STOFNANIR

Í flokki minnstu stofnananna voru fyrirmyndarstofnanirnar einnig þrjár, þ.e. Héraðsdómur Suðurlands, Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og Persónuvernd. Úrskurðarnefndin er ný inn á lista og Persónuvernd kemur aftur sterk inn á lista eftir árshlé.

Í fyrra var kosinn einn hástökkvari ársins, en nú ber svo við að þrjár stofnanir hækka jafn mikið milli ára. Þetta eru Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu,

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum og Minjastofnun Íslands. Einnig hækkar SÁÁ mikið milli mælinga og sömuleiðis Íbúðarlánasjóður. Þá má nefna Héraðsdóm Reykjavíkur, Hafrannsóknastofnun, Ríkislögreglustjóra og Menntaskólann á Egilsstöðum – sem einnig hækka mikið milli ára.

SFR stéttarfélag í almannabjónustu óskar starfsmönnum og stjórnendum þessara stofnana innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur.

MIKILVÆGUR SAMANBURÐUR

Markmið könnunarinnar „Stofnun ársins“ er nú sem áður að veita stjórnendum og starfsmönnum tæki til að vinna að umbótum í stjórnun og starfsumhverfi og eins aðhald til hagsbóta fyrir starfsfólk, skjólstæðinga, viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila. Könnunin er samstarfsverkefni SFR stéttarfélags, VR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar auk fjármála- og efnahagsráðuneytisins, fyrir hönd ríkisins. Könnunin tekur því til allra starfsmanna ríkisstofnana óháð stéttarfélagsaðild og er ein stærsta vinnumarkaðskönnun sem unnin er hér á landi. Niðurstöður könnunarinnar veita afar mikilvægan samanburð við aðrar stofnanir og fyrir-tæki, bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði.

Heildarfjöldi stofnana sem komst á blað nú var 146 en var 148 í fyrra og 153 árið á undan. Alls svöruðu rúmlega 9.000 starfsmenn könnuninni. Svarhlutfall fyrir könnunina í heild var um 51% en ef litið er eingöngu til svara SFR félaga er svarhlutfallið 56%.

Niðurstöður fyrir Stofnun ársins byggist á stofnunum sem uppfylla skilyrði um svörun og byggir sá hluti á rétt tæplega 7.000 svarendum. Til þess að niðurstöður stofnunar sé birt á lista þarf svarhlutfall að vera að lágmarki 35%. Þá þurfa að lágmarki að berast fimm svör frá stofnunum með 5-19 starfsmenn, að lágmarki þurfa 6 svör að berast frá stofnunum með 20 til 49 starfsmenn og að lágmarki þurfa að berast 10 svör frá stofnunum með 50 eða fleiri starfsmenn til Gallup.

Miðað var við að könnunin næði til fastráðinna ríkisstarfsmanna í 50% starfi eða meira. Könnunin náði til allra félagsmanna SFR sem voru í 50% starfi eða meira og höfðu verið félagsmenn SFR í a.m.k. fjóra mánuði.

Nánari upplýsingar

Þátttökustofnunum gefst kostur á að kaupa skýrslu frá Gallup með gögnum fyrir sína stofnun, svo framarlega sem þátttaka starfsmanna uppfyllir skilyrði um lágmarkssvörun. Í þeirri skýrslu er gerð ítarleg greining á niðurstöðum könnunarinnar. Í henni er m.a. borin saman meðaltalseinkunn hvernar spurningar hjá viðkomandi stofnun við meðaltalseinkunn allra stofnana á viðkomandi spurningu. Einnig eru breytingar frá síðustu mælingu skoðaðar þegar það á við.

Þeir sem hafa áhuga á frekari upplýsingum er bent á að hafa samband við Tómas Bjarnason hjá Gallup í síma 540 1000 eða tomas.bjarnason@gallup.is

SFR stéttarfélag í almannaþjónustu óskar stjórnendum Stofnana ársins, Fyrirmyndarstofnana og Hástökkvara innilega til hamingju með glæsilegan árangur.

STÓRAR STOFNANIR (50 starfsmenn eða fleiri)

1. sæti **STOFNUN ÁRSINS 2015**
Ríkisskattstjóri - Einkunn: 4,365
2. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN 2015**
Fjölbrotaskóli Suðurnesja - Einkunn: 4,329
3. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN 2015**
Reykjalundur - Einkunn: 4,291

MEÐALSTÓRAR STOFNANIR (20-49 starfsmenn)

1. sæti **STOFNUN ÁRSINS 2015**
Menntaskólinn á Tröllaskaga - Einkunn: 4,544
2. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN 2015**
Einkaleyfastofan - Einkunn: 4,473
3. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN 2015**
Fjölbrotaskóli Snæfellinga - Einkunn: 4,448

MINNI STOFNANIR (20 starfsmenn eða færri)

1. sæti **STOFNUN ÁRSINS 2015**
Héraðsdómur Suðurlands - Einkunn: 4,724
2. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN 2015**
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - Einkunn: 4,513
3. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN 2015**
Persónuvernd - Einkunn: 4,513

HÁSTÖKKVARAR ÁRSINS 2015

Framhaldsskólinn í Austur skaftafellssýslu
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Minjastofnun Íslands



HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður könnunarinnar um Stofnun ársins veita okkur athyglisverðar upplýsingar um ánægju og líðan starfsmanna á vinnustað og gefa sannarlega tilefni til þess að skoða þær nánar.

Spurningar könnunarinnar skiptast niður í átta þætti; trúverðugleiki stjórnenda, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar og ánægja og stolt.

Þættirnir átta eru samsettir úr þeim spurningum sem falla undir hvern þátt. Hverri spurningu er hægt að svara á fimm punkta kvarða (1-5) þar sem hærrí endi kvarðans gefur til kynna ánægju með það sem spurt er um en lægri endinn gefur til kynna óánægju.

Valið á Stofnun ársins 2015 byggist á heildareinkunn hvers þáttar. Vægi þáttanna er mismikið og er vægi þáttarins „trúverðugleiki stjórnenda“ mest í heildareinkunn (19%). Aðrir þættir hafa minna eða svipað vægi. Vægi launakjara, sveigjanleika vinnu, sjálfstæðis í starfi, starfsanda, vinnuskilyrða og ímyndar er til að mynda nánast það sama (11% hvers þáttar).

Hér verður fjallað um hvern þátt fyrir sig og þær breytingar sem orðið hafa á einkunn þáttanna á milli ára, auk þess sem rýnt er nánar í hvort munur sé á svörum einstakra hópa.

Umfjöllunin byggir á svörum SFR féлага, eða rúmlega 2.400 svörum.


TRÚVERÐUGLEIKI STJÓRNENDA

Trúverðugleiki stjórnenda hefur mest vægi þáttanna í heildarmatinu. Þessi þáttur er byggður upp á 10 spurningum, bæði um stjórnendur almennt sem og næsta yfirmann. Einkunn fyrir trúverðugleika stjórnenda hækkar lítillega milli ára, annað árið í röð, og fer úr 3,74 í 3,79. Þetta er næsthæsta einkunn frá upphafi mælinga. Hæsta einkunn sem fengist hefur var árið 2009 (3,84) og sú mæling var strax í kjölfar hrunsins.

Ástæður þessarar jákvæðu niðurstöðu árið 2009 eru nokkrar, þó einkunn þær að samanburður opinbera geirans við einkamarkaðinn var ákaflega hagstæður á þeim tímabili, enda tóku þá fjölmörg einkafyrirtæki kollsteypu og þurftu í kjölfarið að segja upp fólki og lækka laun. Ekki er með sama hætti hægt að sjá að ytri aðstæður hafi augljóslega jákvæð áhrif á niðurstöðurnar nú líkt og gerðist 2009. Mögulega setur þó flókin og óljós staða á vinnumarkaði um þessar mundir eitthvert mark á þessar niðurstöður, en þó er líklega rétt að líta frekar inn á við og óska stjórnendum til hamingju með þennan árangur og hvetja þá enn frekar til dáða. Sem dæmi um jákvæðar breytingar má sjá að spurningin „Stjórnendur stofnunarinnar virða starfsfólkið mikils“ hækkar um 0,1 á fimm punkta kvarða og sömu hækkan má sjá á spurningunni „Ég fæ stuðning og hvatningu frá stjórnendum stofnunarinnar.“

Af ólíkum starfsstéttum er matið á stjórnun jákvæðast meðal fólks við sölu- og afgreiðslustörf og er það sama mynstur og fyrir ári. Neikvæðast er matið meðal sérhæfðs starfsfólks.

Af ólíkum atvinnugreinum er matið jákvæðast meðal fólks í verslun og þjónustu en neikvæðast í löggæslu, dómstólum og fangelsum.




„Hversu vel eða illa telur þú að þínum vinnustað/þinni starfsstöð sé stjórnað?“

Ein lykilsurning sem tilheyrir þessum þætti er hvort vinnustaðnum sé vel stjórnað og telja tæplega 68% að sínum vinnustað/starfsstöð sé vel stjórnað, en rúm 11% segja að vinnustaðnum sé illa stjórnað.

Hæsta hlutfall þeirra sem segja að vinnustaðnum sé vel stjórnað má sjá hjá stofnunum í verslun og þjónustu (87%), en lægst er það meðal innheimtustofnana, almannatrygginga og lánasjóða (53%).

Hversu vel eða illa telur þú að þínum vinnustað/starfsstöð sé stjórnað?



LAUNAKJÖR

Ánægja með launakjör stendur nánast í stað og er nú 2,4l. Fyrir þremur árum var einkunnin 2,48. Matið er byggt á spurningum um ánægju með laun, sanngirni launa og samanburði á eigin launum og launum annarra á sambærilegum vinnustöðum.


Mest er ánægja með launakjör meðal starfsfólks í sölu- og afgreiðslu og í stjórnendastörfum. Einnig hafa þeir sem eru með mannaforráð jákvæðari afstöðu til launa en þeir sem ekki hafa mannaforráð. Viðhorf til launa eru jákvæðust meðal starfsmanna minnstu stofnananna. Ein spurninganna í þættinum er um ánægju með laun. Hlutfall þeirra sem segjast óánægðir með launin er nú nærri 58%.

Viðhorf til launa er áberandi neikvæðara í stærri stofnunum með 100 eða fleiri starfsmenn en meðal stofnana með færri en 20 starfsmenn.

Þá eru viðhorf til launa jákvæðust meðal stjórnenda (35%) og fólks í sölu- og afgreiðslustörfum (41%). Hlutfall óánægðra er hæst meðal sérhæfðs starfsfólks (64%), fólks við skrifstofu- og afgreiðslustörf (65%) og meðal „annarra“ (65%).


Ítarlega var spurt um viðhorf til launa í þetta skipti en ánægja með laun hækkar lítillega frá því fyrir ári.

Líkt og áður eru karlar ánægðari með laun sín en konur. Þá er yngra fólk í könnuninni nú mun ánægðara en aðrir aldurshópar, en svo mikill munur í viðhorfum milli yngra og eldra fólks sást ekki í könnuninni fyrir ári.




Ánægja með launakjör.


Ánægja með launakjör eftir starfsstétt




Ánægja með launakjör eftir atvinnugrein.




Sanngirni launa miðað við ýmsar forsendur. Hlutfall sem svarar „sanngjörn“.



Hversu sanngjörn eða ósanngjörn eru laun þín miðað við menntun þína?



Hlutfall sem telur að laun starfsfólks stofnunarinnar séu ákveðin af sanngirni eftir því hversu vel fólki finnst stofnuninni stjórnað. Hlutfall sem svarar „laun eru ákveðin af sanngirni“.



Ef lítið er til atvinnugreina sést að mest óánægja með laun er innan heilbrigðis og félagsþjónustu. Þar er hlutfall óánægðra nærri 72% líkt og fyrir ári.

Þá var einnig spurt um sanngirni launa miðað við ýmsar forsendur. Sanngjörnst finnst fólki launin ef miðað er við vinnutíma en ósanngjörnst ef miðað er við frammistöðu.

Áhugavert er að þegar spurt er um sann-

girni launa miðað við menntun kemur fram mikill munur eftir menntunarhópum sem ekki kemur fram annars. Þannig er t.d. ekki munur á svörum eftir menntun þegar spurt er um sanngirni miðað við vinnutíma. Fram kemur að þeir sem eru með mestu menntunina telja minnsta sanngirni vera í launum ef miðað er við menntun þeirra. Nærri 63% háskólamenntaðra telja að launin séu ósanngjörn miðað við

menntun þeirra en tæpur fjórðungur þeirra sem eru með grunnskólapróf eða minna. Í þeim hópi eru hinsvegar flestir sem telja launin sanngjörn miðað við menntun, eða riflega 29%.

Þeim fjölgar örlítið sem telja laun stofnunarinnar vera ákveðin af sanngirni og fer hlutfall þeirra sem eru sammála úr 19% í 21%. Mikill munur er á viðhorfum fólks eftir stærð stofnunar, atvinnugrein og því hvort fólk telur að stofnuninni sé vel eða illa stjórnað.

Stjórnendur hafa marga hatta og einn slíkur hattur snýr að launaákvörðunum. Viðhorf til launaákvörðunar og heildarmats á stjórnun stofnunarinnar fer saman en tækifæri stjórnenda til að hafa áhrif á laun starfsfólks geta verið æði misjöfn eftir aðstæðum. Mest er óánægjan með launaákvörðanir í heilbrigðis og félagsþjónustu og hjá stórum stofnunum. Mun meiri ánægja er hjá litlum stofnunum og hjá stofnunum á sviði verslunar og þjónustu annarsvegar og landbúnaðar, orkumála og skógræktar hinsvegar.

SVEIGJANLEIKI VINNU

Sveigjanleiki vinnu virðist vera hættur að aukast. Einkunn fyrir sveigjanleika hefur lítið breyst síðustu fjögur ár. Í þessum þætti er m.a. spurt hvort fólk hafi svigrúm til að útrétta í vinnutímanum, hvort það geti farið úr vinnu með litlum fyrirvara og hvort fólk geti tekið sumarfrí á þeim tíma sem því hentar.


Sveigjanleiki jókst smám saman í fyrstu mælingunum eftir hrun en ekki hafa verið miklar breytingar í sveigjanleika nú síðustu fjögur ár. Telja má líklegt að stofnanir hafi reynt að koma til móts við starfsfólk með auknum sveigjanleika sem leið til að umbuna og til að bæta starfsaðstæður starfsfólks þegar ekki var hægt að hækka laun.

Talsverðan kynjamun má sjá í sveigjanleika, eins og hann er mældur hér, og hafa konur vinninginn að þessu sinni og eru ánægðari með sveigjanleika í vinnu en karlar. Karlar segja mun oftast en konur að þeir þurfi alltaf eða oftast að vinna yfirvinnu sé þess þörf. Stjórnendur segjast oftast þurfa að vinna yfirvinnu en annað starfsfólk og

oftast er ætlast til að fólk vinni yfirvinnu í löggæslu, dómstólum og fangelsum sem og verslun og þjónustu.

Sveigjanleiki er meiri meðal starfsmanna í minni stofnunum en stærri. Einnig eykst ánægjan eftir aldri og skrifstofufólk er langánægðast með sveigjanleika á sínum vinnustað.

Konur segjast einnig frekar en karlar hafa svigrúm til að útrétta í vinnutímanum. Um 85% kvenna segjast hafa svigrúm til þess en um 76% karla. Þá segjast konur frekar en karlar geta farið með litlum fyrirvara úr vinnu, eða um 89% en um 80% karla. Þá segjast fleiri konur en karlar eiga auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf.



STARFSANDI

Mat á starfsanda stendur nokkurn veginn í stað og er einkunnin nú 4,14 en mældist 4,12 fyrir ári. Matið er byggt á þremur spurningum sem lúta að samskiptum og starfsanda.


Stjórnendur og þeir sem eru með mannaforráð telja starfsandann betri en aðrir. Þeir sem hafa starfað skemmt hjá stofnuninni telja starfsandann betri en þeir sem starfað hafa lengur.

Þeir sem starfa í stofnun á sviði verslunar og þjónustu gefa mun oftar mjög góða einkunn (á bilinu 4,50-5,00) í spurningum um starfsanda en fólk í öðrum atvinnugreinum.


ÁNÆGJA MEÐ TÖLVU- OG TÆKJABÚNAÐ

Heldur hefur dregið úr ánægju með þennan þátt. Mest var ánægjan með tölvu- og tækjabúnaðinn árið 2009. Þá voru 73,1% svarenda mjög eða frekar ánægðir með tölvu- og tækjabúnað sinn á móti því að nú eru það 67,5% sem eru mjög og frekar ánægðir með þessi mál. Hér munar einnig nokkru á milli atvinnugreina og þróunin hefur verið með ólíkum hætti á milli atvinnugreina á þessum árum. Félagsmenn sem starfa við löggæslu, dómstóla og í fangelsum ásamt félagsmönnum í mennta- og menningarstofnunum eru heldur ánægðari með tölvu- og tækjabúnaðinn nú en þeir voru 2009. Starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu og þeir sem vinna við verslun og aðra opinbera þjónustu eru hins vegar töluvert óánægðari með þessi mál nú en þeir voru 2009.


Ánægja með öryggi á vinnustað eftir atvinnugrein.



Hlutfall svarenda sem gefur „starfsanda“ mjög góða einkunn (einkunn á bilinu 4,50-5,00) eftir atvinnugrein stofnunar.



Ánægja með tölvu- og tækjabúnað. Hlutfall þeirra sem svara „ánægður“.




VINNUSKILYRÐI

Mat þátttakenda á vinnuskilyrðum lækkar nú eftir að hafa hækkað lítillega í fyrra. Einkunn vinnuskilyrða mælist nú 3,74, en mældist í fyrra 3,79 en árið þar áður 3,74. Matið er byggt á 6 spurningum um ánægju með ýmsa þætti í umhverfinu, t.d. lýsingu,

öryggi á vinnustað, loftræstingu og tölvu- og tækjabúnað.

Matið er ólíkt eftir starfshópum og atvinnugreinum. Það er langjakkvæðast meðal þeirra sem starfa í landbúnaði, hjá orkustofnunum eða við skógrækt en neikvæðast meðal þeirra sem starfa við löggæslu, dómstóla og fangelsi. Þá eru stjórnendur og sérfræðingar ánægðari með vinnuskilyrði sín en aðrar starfsstéttir og eins eru eldri starfsmenn mun ánægðari en þeir sem yngri eru. Ein spurning sem er hluti af mati á vinnuskilyrðum varðar öryggi á vinnustað. Nærri fimmtungur er óánægður með öryggi á vinnustað meðal starfsmanna löggæslu, dómstóla og fangelsa, en 92% eru ánægð með öryggi á vinnustað meðal stofnana á sviði landbúnaðar, orku og skógræktar.

Hlutfall svarenda sem gefur „ímynd“ mjög góða einkunn (einkunn á bilinu 4,50-5,00) eftir atvinnugrein stofnunar.



ÍMYND

Mat á ímynd hækkar lítillga á milli ára og er nú það sama og fyrir fjórum árum. Þátturinn fær einkunnina 3,71 en fékk 3,66 fyrir ári. Þeir sem eru með mannaforráð meta ímyndina sem jákvæðari þátt en aðrir starfsmenn.

Stærð stofnana skiptir máli í þessum þætti eins og svo mörgum öðrum. Mat á ímynd er mun jákvæðara í minni stofnunum en stærri. Jákvæðast er matið meðal starfsfólks stofnana í verslun og þjónustu en neikvæðast er það meðal innheimtustofnana, almannatrygginga og lána-sjóða.

SJÁLFSTÆÐI Í STARFI

Mæling á sjálfstæði í starfi stendur nokkurn veginn í stað frá síðustu könnun og fær þátturinn einkunnina 4,21 en var með 4,18 í fyrra. Þátturinn mælir hversu góð tök fólki finnst það hafa á starfi sínu, hversu góða yfirsýn starfsfólki finnst það hafa yfir starfið og þau áhrif sem fólk hefur í starfinu. Sjálfstæði í starfi vex með aldri og er einnig mest hjá þeim sem starfað hafa lengst hjá stofnuninni, sem eðlilegt er.

Sjálfstæði í starfi er einnig meira meðal starfsmanna með mannaforráð en annarra og meiri meðal starfsmanna í minni stofnunum en stærri.

ÁNÆGJA OG STOLT

Einkunn þáttarins „ánægja og stolt“ stendur í stað og hefur hún verið mjög svipuð síðustu sex ár. Ánægja og stolt er lítið eitt mismunandi eftir starfsstéttum og atvinnugreinum. Mest er ánægjan meðal fólks við sölu- og afgreiðslu en næst mest meðal stjórnenda. Þeir sem eru með mannaforráð eru ánægðari en þeir sem hafa þau ekki. Sérhæft starfsfólk sem og starfsfólk við öryggis- og eftirlitsstörf og ræstingar ásamt skrifstofufólki við afgreiðslu líður síður vel í starfi sínu.

Ánægja og stolt er mun meira í minnstu stofnununum en þeim stærstu. Þá er ánægja starfsfólks mest í stofnunum sem sinna verslun og þjónustu en minnst í löggæslustofnunum og hjá dómstólum. Sé lítið til atvinnugreinar þá líður þeim best sem vinna við verslun og þjónustu og í landbúnaði, orkustofnunum og skógrækt en um 90% félagsmanna í þessum atvinnugreinum eru sammála því að þeim líði í heildina vel í starfi.


Minnst er vellíðanin hjá þeim sem vinna við löggæslu, hjá dómstólum og í fangelsum.

AFSTAÐA KYNJANNA

Konur eru sem fyrr heldur ánægðari á heildina lítið. Konur mælast ánægðari á sjö af átta heildarþáttum könnunarinnar. Ánægja með launakjör eru hinsvegar heldur meiri hjá körlum en konum. Þó er athyglisvert að sjá að það dregur saman á milli kynjanna í afstöðu til launa á milli ára.

Í fyrra voru 20% karla mjög og frekar ánægðir með launakjörin en í ár eru 17% karla ánægðir og því hefur dregið nokkuð úr ánægju þeirra á milli ára. 12% kvenna voru mjög og frekar ánægð með launakjörin í fyrra en nú eru það 16% kvenna sem eru ánægðar með laun sín. Ánægja með laun hefur því aukist nokkuð á milli ára hjá konum.

Afstaða til lykilorðanna átta eftir kyni. Hlutfall þeirra sem gefa þættinum góða einkunn.




STARFSFÓLK MINNI STOFNANA ÁNÆGDARA

Líkt og áður er stofnunum skipt niður eftir stærð þeirra, þ.e. fjölda starfsmanna. Minnstu stofnanir eru skilgreindar sem stofnanir með færri starfsmenn en 20, stofnanir af millistærð eru skilgreindar sem stofnanir með 20 til 49 starfsmenn en stórar stofnanir eru skilgreindar sem stofnanir með 50 eða fleiri starfsmenn. Flestar stofnanir eru í stærsta flokknum.

Stærð vinnustaða er almennt talin mikilvægur áhrifaþáttur á líðan og viðhorf starfsfólks af nokkrum ástæðum. Samhæfing ólíkra þátta í starfsemi verður til að mynda flóknari með aukinni stærð vinnustaða en einnig nýta stærri vinnustaðir alla jafna formlegri stjórnun og skipulag en minni vinnustaðir. Hvoru tveggja getur haft áhrif á aðstæður og samskipti á vinnustaðnum. Ákvarðanataka getur þannig verið hægari í stærri stofnunum og hendur stjórnenda bundnari í mörgum málum en í minni stofnunum. Það á ekki síst við um launaákvæðanir og launasveigjanleika. Á móti kemur að stærri stofnanir hafa meiri bjargir, t.d. til að byggja upp mannauðsdeildir sem veitt geta stjórnendum sérhæfðari aðstoð en annars væri. Auk þess sem tækifæri til starfsþróunar og sérhæfingar eru oftast meiri í stærri stofnunum en minni. Stórar stofnanir fengu lakari útkomu en minni stofnanirnar á öllum þáttum. Þegar bornar eru saman stærstu og minnstu stofnanirnar munar miklu þeim minnstu í hag. Stórar stofnanir (50 starfsmenn eða fleiri) fá mun lægri einkunn í þáttunum launakjör og ímynd en litlar stofnanir (5-19 starfsmenn). Einnig eru stærri stofnanir áberandi lægri í þáttunum trúverðugleiki stjórnenda, sveigjanleiki og vinnuskilyrði.

Á heildina litið líður mér vel í starfi mínu.



Á HEILDINA LITIÐ

Heildareinkunn allra þátta í könnunni stendur nánast í stað og hefur verið nokkuð svipuð undanfarin ár. Lægst er heildareinkunnin hjá stofnunum á sviði löggæslu, dómstóla og fangelsa, en hæst er hún meðal stofnana í verslun og þjónustu. Einkunnin er mun hærri meðal fólks með mannaforráð en þeirra sem hafa þau ekki. Einnig gefa stjórnendur hærri einkunn en flestar aðrar starfstéttir að undanskyldu sölu- og afgreiðslufólki.

Það kann að koma flestum á óvart að sölu- og afgreiðslufólk skuli gefa sínum stofnunum svo háa einkunn en sama mynstur hefur verið í könnuninni undanfarin ár. Stofnanir á sviði verslunar og þjónustu eru í mikilli samkeppni um starfsfólk við einkamarkað og þurfa hugsanlega að leggja sig sérstaklega fram um að halda starfsfólki sínu. Mögulega er skýringin sú að þessi hópur býr við meiri stuðning

í starfsumhverfi á sínum stofnunum en aðrar starfstéttir.

Margar starfstéttir hafa á hinn bóginn sérhæfða menntun og reynslu sem aðeins nýtist í vissum störfum og stofnunum.

Stjórnendur gefa einnig yfirleitt háa einkunn í könnuninni og kemur það minna á óvart. Þó álag á stjórnendur sé að jafnaði meira en hjá öðrum starfsstéttum er það almenn niðurstaða í sambærilegum könnunum að meiri stuðningur sé í starfsumhverfi stjórnenda en starfsumhverfi annarra starfsmanna. Meðal annars vegna þess að stjórnendur hafa meiri bjargir og meira umboð til að takast á við verkefni sín en aðrar starfstéttir.



Fáðu RÁÐGJAFNA að láni

Fræðslusetrið Starfsmennt býður samstarfsstofnunum sínum ráðgjöf í mannauðsmálum. Ráðgjafinn vinnur tímabundið með stofnuninni og styrkir þannig grunninn fyrir markvissa mannauðsstjórnun.

Helstu verkefni:

- Stefnumiðuð starfsþróun
- Mannauðsstefna
- Vinnustaðagreining
- Hæfnigreining starfa
- Þarfagreining fræðslu
- Virk starfsmannasamtöl
- Fræðsla og farandfyrirlestrar
- Sérstíðið stofnananám

www.smennt.is



SAMANBURÐUR Á MILLI STÉTTARFÉLAGA

Áhugavert er að bera saman svör starfsmanna eftir stéttarfélögum. Einkunn hefur hækkað lítilsháttar á milli ára hjá VR, SFR og ríkisstarfsmönnum en talsvert hjá félögum í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

VR félagsmenn eru að vanda ánægðari með vinnustað sinn en opinberir starfsmenn og er VR með heildareinkunnina 4,09 en hún var 4,07 í fyrra. Hjá VR hækka þættirnir trúverðugleiki stjórnenda og ímynd mest á milli ára en aðeins dregur úr ánægju VR félaga með laun þetta árið. Einkunnir SFR og ríkisstarfsmanna almennt eru mjög álíka og hækka örlítið á milli ára eða um 0,01 stig. Ánægja ríkisstarfsmanna með launakjör eykst á milli ára úr 2,47 stig í fyrra í 2,52 stig í ár. Ánægja SFR félaga með launakjör stendur hins vegar í stað á milli ára og því eykst bilið á milli þessara hópa hvað þennan þátt varðar.

St.Rv. er hástökkvarinn þetta árið. Heildareinkunn St.Rv. var 3,79 í fyrra en er nú 3,87 og hefur hækkað um 0,08 stig. Hjá St.Rv. kemur þessi aukna ánægja skýrt fram í aukinni ánægju með launakjör en einkunn fyrir þann þátt var 2,26 í fyrra og

voru St.Rv. félagar þá óánægðastir með laun sín í könnuninni. Nú er einkunn St.Rv. fyrir launakjör 2,48 og hefur hún hækkað um 0,23 stig á milli ára.

Þáttur	VR	Ríkisstarfsmenn*	SFR	StRV
Heildarmeðaltal	4,09	3,77	3,78	3,87
Trúverðugleiki stjórnenda	4,05	3,77	3,79	3,93
Starfsandi	4,33	4,17	4,14	4,15
Launakjör	3,20	2,52	2,41	2,48
Vinnuskilyrði	4,03	3,68	3,74	3,60
Sveigjanleiki vinnu	4,36	4,08	4,19	4,11
Sjálfstæði í starfi	4,32	4,19	4,21	4,23
Ímynd fyrirtækis/stofnunar/vinnustaðar	4,18	3,69	3,71	3,90
Ánægja og stolt	4,22	4,03	4,03	4,06

Einkunnir í töflunni byggjast á svörum allra óháð því hvort fyrirtækið eða stofnun komst á lista yfir stofnanir ársins.

*Ríkisstarfsmenn. Byggt á svörum allra ríkisstarfsmanna óháð stéttarfélagi



HÁSTÖKKVARAR

Að venju er veitt sérstök viðurkenning fyrir þá eða þær stofnanir sem taka mestum framförum á milli ára og hækka sig mest. Að þessu sinni eru hástökkvararnir þrír, þar sem þrjár stofnanir hækkuðu sig allar jafn mikið á milli ára, eða um 60 sæti á heildarlista stofnana.

Þetta eru:

Framhaldsskólinn í Austur skaftafellssýslu sem var í 68. sæti á heildarlista stofnana í fyrra en er nú í 8. sæti í ár.

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum sem var í 73. sæti á heildarlista stofnana í fyrra, en er nú í 13. sæti.

Minjastofnun Íslands sem var í 104 sæti á heildarlista stofnana í fyrra og er í 44. sæti í ár.

Stofnanir með
50 starfsmenn eða fleiri

	Einkunn 2015	Trúverðuleiki stjórnenda	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfsstöði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Svarhlutfall %	Einkunn 2014
Meðaltal	3,803	3,76	4,17	2,62	3,76	4,12	4,22	3,68	4,07		3,789
1. Ríkisskattstjóri	4,365	4,51	4,59	2,84	4,48	4,73	4,50	4,47	4,58	80-100%	4,359
2. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	4,329	4,46	4,76	3,18	4,18	4,12	4,72	4,18	4,84	50-59%	4,202
3. Reykjalundur *	4,291	4,22	4,46	3,22	4,13	4,43	4,49	4,84	4,57	50-59%	4,182
4. Íslenskar orkurannsóknir	4,181	4,18	4,45	3,19	3,86	4,58	4,34	4,45	4,41	60-69%	4,008
5. Fjölbrautaskólinn við Ármúla	4,153	4,28	4,46	3,32	4,05	3,92	4,55	3,86	4,61	70-79%	3,979
6. ÁTVR	4,146	4,25	4,41	3,05	4,02	4,27	4,42	4,32	4,34	50-59%	4,067
7. Heilsustofnun NLFÍ *	4,146	4,17	4,40	3,04	3,72	4,38	4,39	4,63	4,45	60-69%	4,050
8. Lyfjastofnun	4,131	4,08	4,52	2,93	4,44	4,46	4,31	3,81	4,36	80-100%	4,054
9. Embætti sérstaks saksóknara	4,118	4,12	4,36	3,46	4,42	4,39	4,31	3,49	4,27	80-100%	4,340
10. Sjálfstjórnarheimilið *	4,106	4,18	4,19	3,05	4,13	4,14	4,38	4,27	4,38	50-59%	4,382
11. Skógrækt ríkisins	4,102	4,11	4,30	2,95	4,03	4,58	4,39	4,00	4,40	35-49%	4,031
12. Menntaskólinn í Reykjavík	4,089	4,41	4,53	2,65	3,69	3,67	4,55	4,44	4,52	35-49%	4,029
13. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	4,085	4,16	4,38	2,86	3,97	3,91	4,57	4,25	4,46	50-59%	4,183
14. Náttúrufræðistofnun Íslands	4,080	3,82	4,35	2,70	4,47	4,47	4,39	4,27	4,19	80-100%	4,070
15. Nýsköpunarmiðstöð Íslands	4,059	3,95	4,32	3,09	3,92	4,54	4,26	4,23	4,22	70-79%	3,934
16. Fríhöfnin **	4,023	4,05	4,31	3,09	3,66	4,06	4,37	4,26	4,39	35-49%	3,967
17. Landgræðsla ríkisins	4,012	3,92	4,35	2,76	4,25	4,43	4,21	3,91	4,19	70-79%	3,899
18. Barnaverndarstofa	3,993	4,05	4,38	3,07	4,10	4,37	4,22	3,48	4,14	60-69%	4,018
19. Tryggingastofnun ríkisins	3,967	4,10	4,26	2,70	4,16	4,45	4,38	3,39	4,09	70-79%	3,932
20. Fjársýsla ríkisins	3,939	3,89	4,18	2,62	4,11	4,46	4,33	3,81	4,07	80-100%	3,988
21. Kvinnaskólinn í Reykjavík	3,939	4,18	4,37	2,54	3,48	3,51	4,41	4,46	4,38	70-79%	4,018
22. Fjölbrautaskóli Suðurlands	3,938	3,99	4,26	2,86	3,60	4,05	4,37	4,02	4,32	70-79%	3,979
23. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	3,937	4,04	4,07	3,02	3,66	4,23	4,36	3,87	4,19	35-49%	3,901
24. Velferðarráðuneytið	3,926	3,98	4,50	2,76	4,05	4,38	4,21	3,13	4,23	70-79%	3,767
25. RARIK **	3,923	3,65	4,06	3,03	4,27	4,23	4,32	3,78	4,10	70-79%	3,880
26. Listaháskóli Íslands *	3,920	4,07	4,43	2,41	3,46	4,17	4,19	4,14	4,37	50-59%	-
27. Matís ohf *	3,914	3,84	4,35	2,44	4,01	4,24	4,07	4,34	3,99	60-69%	-
28. Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn	3,910	3,77	4,20	2,50	3,80	4,39	4,34	4,23	4,12	70-79%	3,801
29. Mennta- og menningarmálaráðuneytið	3,903	3,86	4,33	2,55	4,09	4,38	4,13	3,47	4,28	80-100%	-
30. Lögreglan á Suðurnesjum	3,890	4,10	4,15	2,84	3,56	4,17	4,05	3,95	4,16	35-49%	3,862
31. Þjóðminjasafn Íslands	3,882	3,59	4,16	2,39	4,07	4,35	4,16	4,43	4,00	70-79%	3,907
32. Umhverfisstofnun	3,864	3,84	4,31	2,42	4,11	4,42	4,01	3,67	4,01	80-100%	3,669
33. Veðurstofa Íslands	3,848	3,77	4,25	2,16	4,00	4,26	3,96	4,40	3,93	80-100%	3,772
34. Menntaskólinn á Akureyri	3,828	3,85	3,92	2,80	3,77	3,85	4,37	4,03	3,99	35-49%	-
35. Vinnuálagstofnun	3,811	3,97	4,37	2,26	3,56	4,37	4,29	3,20	4,29	70-79%	3,738
36. SÁÁ **	3,806	3,70	3,71	2,53	4,08	3,68	4,16	4,42	4,11	60-69%	3,447
37. Alþingi	3,806	3,94	4,13	2,98	4,06	4,20	4,17	2,56	4,15	70-79%	3,867
38. Orkubú Vestfjarða ohf *	3,804	3,86	4,30	2,24	4,04	4,46	4,14	2,91	4,25	50-59%	3,771
39. Heilbrigðisstofnun Norðurlands	3,802	3,84	3,98	2,76	3,73	3,82	4,14	4,01	4,06	35-49%	-
40. Flensborgarskóli	3,799	3,93	4,08	2,69	3,51	3,71	4,32	3,87	4,16	70-79%	3,786
41. Hafrannsóknastofnun	3,799	3,59	4,25	2,43	3,92	4,32	4,27	3,45	4,16	35-49%	3,600
42. Menntaskólinn við Hamrahlíð	3,796	3,64	4,10	2,76	3,41	3,65	4,49	4,32	4,13	50-59%	3,607
43. Háskólinn á Akureyri	3,794	3,55	4,04	2,46	3,78	4,22	4,25	4,09	4,06	50-59%	3,808
44. Heilbrigðisstofnun Vesturlands	3,786	3,69	4,16	2,57	3,68	3,80	4,25	4,03	4,11	35-49%	3,797
45. Íbúðalánasjóður	3,779	3,74	4,19	2,65	4,21	4,47	4,22	2,77	3,84	80-100%	3,397
46. Verkmennaskólinn á Akureyri	3,775	3,59	4,15	2,79	3,39	3,72	4,44	3,98	4,26	35-49%	3,847
47. Samgöngustofa	3,771	3,64	4,15	2,94	3,64	4,13	4,26	3,56	3,94	70-79%	3,580
48. Fjármálaeftirlitið	3,759	3,75	4,22	3,04	3,88	4,40	3,97	2,75	3,96	80-100%	3,644
49. Ríkislögreglustjóri	3,755	3,68	4,16	2,91	3,53	4,07	4,15	3,65	3,93	50-59%	3,510
50. Hrafnista **	3,741	3,76	4,11	2,21	3,51	4,19	4,26	3,77	4,08	35-49%	3,889
51. Héraðsdómur Reykjavíkur	3,714	3,58	4,10	2,65	3,47	4,25	4,55	2,95	4,23	70-79%	3,361
52. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	3,709	3,77	4,05	1,98	3,07	4,22	4,18	4,18	4,22	80-100%	3,650
53. Vegagerðin	3,696	3,42	3,97	2,84	4,03	4,28	4,04	3,20	3,84	50-59%	3,734
54. Embætti landlæknis	3,695	3,69	3,99	2,57	3,49	4,39	4,03	3,52	3,88	80-100%	3,779
55. Isavia ohf **	3,693	3,52	4,14	3,06	3,36	3,90	4,18	3,49	4,02	35-49%	3,737
56. Sjúkrahúsið á Akureyri	3,687	3,69	4,18	2,38	3,33	3,69	4,14	4,00	4,07	35-49%	3,670
57. Hagstofa Íslands	3,686	3,47	4,12	2,04	3,89	4,31	4,13	3,80	3,77	80-100%	3,792
58. Þjóðskrá Íslands	3,660	3,67	4,20	2,33	3,51	4,47	4,05	3,31	3,72	80-100%	3,828
59. Iðnskólinn í Hafnarfirði	3,658	3,62	3,94	2,59	3,35	3,44	4,36	3,83	4,14	60-69%	3,536
60. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	3,639	3,54	4,10	2,35	4,22	4,10	3,90	2,86	3,89	60-69%	3,631
61. Utanríkisráðuneytið	3,627	3,59	4,19	2,28	3,80	4,20	4,04	2,86	3,93	60-69%	3,645
62. Heilugæsla höfuðborgarsvæðisins	3,604	3,53	4,21	2,11	3,52	3,99	4,19	3,43	3,83	35-49%	3,602
63. Fjármála- og efnahagsráðuneytið	3,603	3,60	4,14	2,60	3,18	4,22	3,97	3,15	3,96	60-69%	3,619
64. Landhelgisgæsla Íslands	3,602	3,36	3,90	2,55	3,50	3,52	3,86	4,34	3,92	70-79%	3,556

**Stofnanir með
50 starfsmenn eða fleiri**

	Einkunn 2015	Trúverðugleiki stjórnenda	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálftæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Svarhlutfall %	Einkunn 2014
Meðaltal	3,803	3,76	4,17	2,62	3,76	4,12	4,22	3,68	4,07		3,789
65. Fjölbautaskólinn í Breiðholti	3,599	3,55	3,98	2,46	3,14	3,40	4,46	3,70	4,13	60-69%	3,535
66. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	3,534	3,46	4,07	2,39	3,48	3,74	4,23	2,86	3,99	35-49%	-
67. Matvælastofnun	3,533	3,44	4,17	2,25	3,86	4,06	3,83	2,87	3,68	60-69%	3,643
68. Borgarholtsskóli	3,519	3,28	3,77	2,61	3,37	3,42	4,13	3,90	3,80	35-49%	-
69. Menntaskólinn við Sund	3,509	3,46	4,02	2,95	2,67	3,64	4,34	3,42	3,75	35-49%	-
70. Sjúkratryggingar Íslands	3,506	3,44	3,91	2,31	3,79	4,33	3,95	2,77	3,48	80-100%	3,183
71. Fjölbautaskóli Vesturlands	3,465	3,04	4,11	2,09	3,61	3,41	4,13	3,69	3,82	35-49%	3,954
72. Vinnueftirlit ríkisins	3,460	3,28	3,95	1,92	3,40	4,21	4,03	3,35	3,60	80-100%	3,524
73. Tollstjóri	3,449	3,31	3,83	2,26	3,31	4,24	4,05	3,08	3,59	60-69%	3,512
74. Fiskistofa	3,423	3,21	3,61	2,51	3,89	3,89	3,97	2,97	3,35	60-69%	3,542
75. Landbúnaðarháskóli Íslands	3,393	3,33	3,71	1,91	3,77	4,19	4,12	2,54	3,47	35-49%	3,540
76. Fangelsismálastofnun ríkisins	3,390	3,45	4,18	2,38	3,18	3,57	3,82	2,63	3,81	60-69%	3,573
77. Innanríkisráðuneytið	3,359	3,30	3,86	2,20	3,95	4,14	3,81	1,99	3,44	80-100%	3,513
78. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	3,279	3,17	3,82	1,72	2,94	3,81	3,82	3,48	3,54	50-59%	3,495
79. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	3,183	3,09	3,65	1,66	2,94	3,93	3,90	2,91	3,43	35-49%	-

Allir starfsmenn ríkisstofnana fengu senda könnun SFR á Stofnun ársins.

* Þessar stofnanir eru ekki ríkisstofnanir en eru einnig með alla starfsmenn. ** Einungis SFR félagar svöruðu fyrir þessar stofnanir.



Vinningshafar í happdrættinu

Þátttakendur í könnuninni Stofnun ársins eru jafnframt þátttakendur í happdrætti. Þeir sem svöruðu könnuninni áttu þannig möguleika á glæsilegum vinningi. Úr innsendum svörum voru dregnir út 7 vinningar og eru vinningshafar sem hér segir:

Gjafabréf frá Ícelandair að verðmæti 60 þús. kr:

Herdís Traustadóttir, Anna Eir Guðfinnadóttir, Hildur Rós Hjartadóttir

Gjafabréf í orlofshúsi SFR (utan úthlutunartíma):

Sunneva L. Blöndal Ólafsdóttir, Ingibjörg Vala Jónsdóttir

Tveir miðar á tónlistarhátíðina Airwaves:

Halldór Arnar Úlfarsson, Sigrún Fríða Óladóttir

Sú nýjung var einnig að þessu sinni að vera með bíómiða í skyndihappdrætti, tíu vinningshafar fengu 2 miða í bíó og hafa þeir einnig fengið afhenta vinningana.

SFR stéttarfélag óskar þeim innilega til hamingju og þakkar þátttökuna í könnuninni.



Þau Halldór Arnar Úlfarsson, Anna Eir Guðfinnadóttir og Herdís Traustadóttir komu á skrifstofu félagsins og tóku við verðlaununum úr höndum Árna Stefáns Jónssonar formanns SFR. SFR stéttarfélag óskar þeim til hamingju.

Stofnanir með 20 til 49 starfsmenn	Einkunn 2015	Trúverðugleiki stjórnenda	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálftæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Svarhlutfall	Einkunn 2014
											Meðaltal
1. Menntaskólinn á Tröllaskaga	4,544	4,81	4,63	3,75	4,32	4,53	4,55	4,72	4,84	80-100%	4,552
2. Einkaleyfastofan	4,473	4,46	4,39	3,74	4,63	4,76	4,57	4,56	4,61	80-100%	4,647
3. Fjölbautaskóli Snæfellinga	4,448	4,78	4,81	3,50	4,48	4,18	4,53	4,33	4,64	60-69%	4,256
4. Landmælingar Íslands	4,427	4,50	4,59	3,38	4,51	4,81	4,55	4,32	4,62	80-100%	4,473
5. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	4,408	4,76	4,83	3,32	4,29	4,48	4,47	4,00	4,78	35-49%	3,919
6. Lífeyrisjóður starfsmanna ríkisins *	4,330	4,46	4,62	3,32	4,57	4,64	4,51	3,82	4,47	80-100%	4,051
7. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	4,305	4,53	4,58	3,15	4,51	4,37	4,54	3,89	4,57	60-69%	3,895
8. Menntaskólinn að Laugarvatni	4,292	4,45	4,69	3,17	4,07	4,43	4,52	4,29	4,58	60-69%	4,472
9. Póst- og fjarskiptastofnun	4,288	4,49	4,56	3,47	4,05	4,64	4,51	4,14	4,34	80-100%	4,185
10. Verkmenntaskóli Austurlands	4,264	4,52	4,46	3,27	3,83	4,40	4,48	4,39	4,61	60-69%	-
11. Samkeppniseftirlitið	4,228	4,24	4,17	3,72	4,46	4,59	4,26	4,03	4,28	80-100%	4,229
12. Skattrannsóknarstjóri ríkisins	4,197	4,11	4,46	2,80	4,20	4,80	4,47	4,39	4,34	70-79%	4,250
13. Forsætisráðuneytið	4,192	4,40	4,58	3,34	4,44	4,20	4,42	3,37	4,49	70-79%	4,198
14. Þjónustumiðstöð fyrir blinda og sjónskerta	4,183	4,30	4,33	3,53	3,21	4,63	4,47	4,71	4,40	70-79%	4,141
15. Skipulagsstofnun	4,152	4,24	4,42	3,16	3,98	4,51	4,32	4,25	4,27	60-69%	4,403
16. Framkvæmdasýsla ríkisins	4,148	4,47	4,12	3,18	4,06	4,51	4,46	3,98	4,18	80-100%	4,202
17. Sýslumaðurinn á Suðurlandi	4,119	4,51	4,59	2,57	3,87	4,44	4,40	3,70	4,54	60-69%	-
18. Ríkisendurskoðun	4,116	4,19	4,36	2,72	4,29	4,69	4,27	3,93	4,30	60-69%	-
19. Lögreglan á Vestfjörðum	4,035	4,30	4,44	2,66	3,88	3,97	4,50	3,91	4,37	80-100%	-
20. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	4,034	3,73	4,63	2,72	4,38	3,71	4,25	4,46	4,41	80-100%	4,100
21. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	3,972	4,09	4,27	2,50	4,19	4,34	4,46	3,72	4,01	70-79%	-
22. Orkustofnun	3,954	4,02	4,37	2,67	3,93	4,56	4,28	3,62	4,09	60-69%	3,985
23. Sýslumaðurinn á Vesturlandi	3,952	4,18	4,00	2,50	3,90	4,38	4,13	4,07	4,23	70-79%	-
24. Umboðsmaður skuldara	3,943	4,06	4,28	3,23	3,91	4,66	4,34	2,79	4,14	80-100%	3,882
25. Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	3,920	3,94	4,05	2,68	3,68	4,61	3,98	4,21	4,18	70-79%	-
26. Lögreglan á Suðurlandi	3,911	3,98	4,26	2,59	3,72	4,21	4,08	4,18	4,17	70-79%	-
27. Menntaskólinn á Egilsstöðum	3,909	3,57	4,38	3,18	4,13	3,86	4,15	4,00	4,12	35-49%	3,667
28. Biskupsstofa	3,872	3,74	4,19	3,41	3,70	4,48	4,25	3,15	4,13	60-69%	4,211
29. Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	3,814	3,54	4,33	2,22	3,77	4,53	4,11	3,98	4,14	80-100%	-
30. Menntaskólinn á Ísafirði	3,795	3,57	4,08	2,80	4,01	3,88	4,23	3,73	4,10	60-69%	-
31. Samsk.míðst. heyrnarlausra og heyrnarkertra	3,790	3,93	3,90	1,83	3,71	4,33	4,04	4,09	4,28	70-79%	3,930
32. Lánasjóður íslenskra námsmanna	3,786	3,87	4,29	2,11	4,04	4,24	4,28	3,04	4,17	70-79%	4,007
33. Bændasamtök Íslands **	3,758	3,59	3,44	2,78	4,06	4,50	4,38	3,56	3,79	60-69%	-
34. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	3,757	3,85	4,32	2,11	4,20	4,43	4,03	2,88	3,94	80-100%	3,730
35. Lögreglan á Austurlandi	3,754	3,74	4,11	2,89	3,46	4,24	3,94	3,63	4,03	60-69%	-
36. Stofnun Árna Magnússonar	3,735	3,73	4,03	2,23	3,11	4,18	3,86	4,63	4,18	35-49%	3,970
37. Heyrnar- og talmeinafstöð Íslands	3,729	4,12	3,79	1,75	3,07	4,05	4,49	4,22	4,12	80-100%	3,748
38. Tilraunastöð HÍ að Keldum	3,716	3,40	4,10	2,15	3,44	4,38	4,23	4,18	4,05	35-49%	3,845
39. Framhaldsskólinn á Laugum	3,655	3,25	3,36	2,86	4,18	4,32	4,18	3,58	3,66	35-49%	3,765
40. Útlendingastofnun	3,615	3,86	4,47	2,29	3,13	4,58	4,28	2,20	3,95	70-79%	3,608
41. Mannvirkjastofnun	3,605	3,23	3,50	3,12	3,93	4,49	4,00	3,25	3,52	70-79%	3,976
42. Þjóðskjalasafn Íslands	3,601	3,42	3,78	2,30	3,33	4,45	4,13	3,92	3,64	80-100%	3,555
43. Ríkiskaup	3,544	3,39	3,95	2,17	3,48	4,38	4,09	3,44	3,55	80-100%	3,597
44. Háskólinn á Hólum	3,539	3,35	3,87	2,42	3,26	4,12	4,20	3,46	3,78	50-59%	3,588
45. Námsmatsstofnun	3,529	3,30	3,73	2,54	3,88	4,42	4,18	2,54	3,66	70-79%	3,824
46. Rannsóknamiðstöð Íslands	3,524	3,15	3,93	2,46	3,55	4,14	3,84	3,93	3,45	80-100%	3,744
47. Námsgagnastofnun	3,494	3,01	4,02	1,68	3,53	4,16	4,03	4,06	3,71	50-59%	4,010
48. Listasafn Íslands	3,490	3,21	3,82	2,37	3,50	4,19	4,18	3,22	3,57	60-69%	3,506
49. Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	3,457	3,33	3,97	1,63	3,86	4,02	4,22	2,96	3,58	80-100%	-

Allir starfsmenn ríkisstofnana fengu senda könnun SFR á Stofnun ársins.

* Þessar stofnanir eru ekki ríkisstofnanir en eru einnig með alla starfsmenn. ** Einungis SFR félagar svöruðu fyrir þessar stofnanir.

Stofnanir með færri en 20 starfsmenn

	Einkunn 2015	Trúverðugleiki stjórnenda	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Svarhlutfall	Einkunn 2014
Meðaltal	4,104	4,16	4,29	3,06	4,13	4,52	4,35	3,88	4,33		4,114
1. Héraðsdómur Suðurlands	4,724	4,89	4,89	4,19	4,94	4,87	4,83	3,93	5,00	80-100%	4,837
2. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála	4,513	4,86	5,00	3,75	4,27	4,80	4,70	3,67	4,80	80-100%	-
3. Persónuvernd	4,503	4,85	4,60	3,10	4,54	4,64	4,60	4,67	4,70	70-79%	-
4. Fasteignir ríkissjóðs	4,312	4,09	4,50	2,77	4,54	4,78	4,75	4,63	4,48	80-100%	4,116
5. Héraðsdómur Reykjaness	4,219	4,49	4,46	3,19	4,27	4,45	4,53	3,33	4,72	50-59%	4,101
6. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	4,211	4,48	4,67	2,50	3,64	4,63	4,50	4,33	4,75	60-69%	4,138
7. Geislavarnir ríkisins	4,204	4,47	3,71	3,11	4,40	4,74	4,21	4,10	4,57	60-69%	4,160
8. Vatnajökulsþjóðgarður	4,146	4,19	4,48	3,44	4,21	4,28	4,31	3,85	4,31	50-59%	-
9. Framhaldsskólinn á Húsavík	4,124	4,24	4,26	3,21	4,06	4,23	4,33	4,10	4,42	60-69%	4,0292
10. Ferðamálastofa	4,045	4,04	4,30	2,69	4,23	4,72	4,13	3,92	4,23	80-100%	4,005
11. Minjastofnun Íslands	4,044	4,08	4,38	2,99	4,27	4,43	4,27	3,41	4,35	80-100%	3,716
12. Neytendastofa	3,947	3,80	4,00	2,56	4,54	4,45	4,31	4,03	3,81	80-100%	4,029
13. Sýslumaðurinn á Austurlandi	3,944	3,84	4,18	2,67	3,76	4,51	4,41	4,06	4,18	60-69%	-
14. Rekstrarfélag stjórnarráðsins	3,927	3,93	4,15	2,64	4,08	4,32	4,27	3,82	4,10	80-100%	3,9018
15. Veiðimálastofnun	3,926	3,65	4,13	3,09	4,14	4,32	3,98	4,08	4,10	80-100%	3,8773
16. Ríkissaksóknari	3,825	4,05	4,53	2,43	3,27	4,28	4,34	3,45	4,13	70-79%	4,024
17. Jafnréttisstofa	3,762	3,67	3,72	3,60	3,42	4,67	4,17	3,03	3,96	70-79%	-
18. Lögregluskóli ríkisins	3,504	3,32	3,33	3,14	3,69	4,24	3,63	3,49	3,32	80-100%	3,893

Allir starfsmenn ríkisstofnana fengu senda könnun SFR á Stofnun ársins.

* Þessar stofnanir eru ekki ríkisstofnanir en eru einnig með alla starfsmenn. ** Einungis SFR félagar svöruðu fyrir þessar stofnanir.



Stofnun ársins – sérit

Ábyrgðarmaður:

Árni Stefán Jónsson

Umsjón:

Sólveig Sigr. Jónasdóttir

Umbrot og prentun:

Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja



SFR stéttarfélag í almannajónustu

Grettisgötu 89 - 105 Reykjavík

Sími: 525 8340 - Bréfasími: 525 8349

Netfang: sfr@sfr.is - Veffang: www.sfr.is

Skrifstofan er opin mán.- fös. kl. 9:00-16:00

ISSN númer 1670-5874

Forsíða: Kristín María Ingimarsdóttir



2015

Sérblað



ATAFINA



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU